

Hinn 16. júní 2010 kvað nefnd samkvæmt 2. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórnar, upp svohljóðandi úrskurð:

#### I.

Með bréfi til sýslumannsins á Patreksfirði, dags. 31. maí 2010, kærði Hafsteinn Guðmundsson, Flatey á Breiðafirði, framkvæmd sveitarstjórnarkosninga í Reykhólahreppi laugardaginn 29. maí 2010. Kæran var móttækin af sýslumanninum á Patreksfirði þann 31. maí 2010. Í samræmi við 2. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna, skipaði sýslumaðurinn á Patreksfirði þann 1. júní 2010 þriggja manna nefnd til að úrskurða um kærunefnið. Í nefndina voru skipuð Þorsteinn Einarsson, hrl., formaður, Kristín Benediktsdóttir, hdl. og Þórhallur H. Þorvaldsson, hdl.

#### II.

Í kæru eru ekki settar fram kröfur með beinum hætti en tekið fram að kærð sé „*framkvæmd sveitarstjórnar Reykhólahrepps vegna kosninga til sveitarstjórnar 29. maí 2010.*“ Af kærinni má ráða að kærandi sé ósáttur við að íbúar í Flatey á Breiðafirði hafi ekki fengið upplýsingar um sveitarstjórnarkosningarnar, hvorki kjörstaði né atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og hverjir væru í framboði. Tekur kærandi fram að framkoma sveitarstjórnar sé lítilsvirðing í garð íbúa í Flatey en þeir séu „þó sjö með lögheimili í Flatey“.

#### III.

Með bréfi kjörnefndar, dags. 2. júní 2010, til kjörstjórnar Reykhólahrepps gerði kjörnefnd kjörstjórninni grein fyrir fram kominni kæru og óskaði eftir umsögn kjörstjórnar um kærana, sbr. 2. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998. Með bréfinu fylgdu afrit gagna málsins, þ.e. kæran og bréf sýslumannsins á Patreksfirði til formanns kjörnefndar, dags. 1. júní 2010.

Umsögn kjörstjórnar Reykhólahrepps, dags. 7. júní 2010, ásamt auglýsingu um sveitarstjórnarkosningar 29. maí 2010 frá 21. maí sama ár barst kjörnefnd 10. júní 2010. Í umsögninni kemur fram að það sé hvorki hlutverk kjörstjórnar né sveitarstjórnar að sjá til þess að hægt sé að kjósa utan kjörfundar en kjósendur geti óskað eftir því við sýslumann. Greint hafi verið frá öllum atriðum varðandi kosninguna á heimasíðu Reykhólahrepps. Þá hafi dreifibréf verið send í hús í sveitarfélaginu „sem því miður barst ekki út í Flatey.“ Tekið er fram að dreifibréfið hafi „farið full seint af stað frá okkur en barst öllum í Reykhólahreppi utan eyjanna á Breiðafirði.“ Í lok umsagnar kjörstjórnar er tekið fram að það „hefði þurft að senda sér póst út í eyjar Breiðafjarðar, en það láðist að gera að þessu sinni, því miður.“ Afrit auglýsingar (dreifibréfs) kjörstjórnar fylgdi bréfi kjörstjórnar til kjörnefndar.

Með bréfi kjörnefndar, dags. 15. júní 2010, var kæranda sent afrit af umsögn kjörstjórnar Reykhólahrepps og gefinn kostur á að gera athugasemdir og koma á framfæri frekari röksemdum, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með símbréfi 15. júní 2010 gerði kærandi nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum.

Með bréfi kjörnefndar, dags. 15. júní 2010, til sýslumannsins á Patreksfirði var þess óskað að hann veitti umsögn um kærana og umsögn kjörstjórnar, sbr. 10. gr. laga nr. 37/1993.

Með bréfi, dags. 15. júní 2010, gerði sýslumaðurinn á Patreksfirði grein fyrir sjónarmiðum sínum. Í bréfinu kemur fram að hann hafi sent auglýsingu í tölvupósti til sveitarfélaga í umdæmi hans þar sem fyrirkomulagi atkvæðagreiðslu utan kjörfundar fyrir sveitarstjórnarkosningar 29. maí 2010 hafi verið lýst. Meðfylgjandi bréfinu voru umræddir tölvupóstar sýslumanns og ljósrít af auglýsingu um utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Í bréfinu kemur jafnframt fram að auglýsing um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar hafi m.a. verið birt á heimasíðu Reykhólahrepps og hengd upp á skrifstofu hreppsins. Ennfremur hafi verið haldin atkvæðagreiðsla utan kjörfundar á skrifstofu Reykhólahrepps þann 18. maí 2010 og að sú atkvæðagreiðsla hafi verið kynnt að beiðni sýslumanns með auglýsingu sem dreift var á heimili í Reykhólahreppi með Íslandspósti. Þá er tekið fram að atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hafi verið kynnt með sama hætti og fyrir alþingiskosningar 25. apríl 2009 og þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars 2010. Fram kemur í bréfi sýslumanns að fyrir alþingiskosningar 2009 hafi íbúi í Flatey á Breiðafirði haft samband við sýslumann með ósk um að fá að kjósa utan kjörfundar og hafi sýslumaður orðið við þeirri beiðni og boðið eyjaskeggjum að kjósa utan kjörfundar um borð í ferjunni Baldri. Af bréfi sýslumanns verður ráðið að ekki hafi komið fram beiðni frá íbúum eyja á Breiðafirði um að fá að kjósa utan kjörfundar við sveitarstjórnarkosningar 2010 annars staðar en á skrifstofu Reykhólahrepps.

Með tölvubréfi formanns kjörnefndar 16. júní 2010 til sveitarstjórnar Reykhólahrepps var óskað upplýsinga með vísan til 10. gr. laga nr. 37/1993 um það annars vegar hvernig títt væri að birta opinberar auglýsingar í Reykhólahreppi og hins vegar hvernig kosningar til sveitarstjórnar Reykhólahrepps (um framboð, kjörstaði o.fl.) og til Alþingis hafi verið auglýstar í Reykhólahreppi. Svar oddvita sveitarstjórnar barst nefndinni 17. júní 2010. Varðandi fyrri fyrirspurnina segir svo:

„Pósturinn tekur allan fjölpóst og fer með á pósthúsið í Búðardal þar sem honum er dreift á öll heimili í hreppnum (veit þó að hann fer ekki í Flatey). Tel að hér sé pósturinn ekki að standa sig. Einnig er heimasíða sveitarfélagsins mjög virk og eru flest allar uppákomur settar á síðuna sem fréttir.“

Varðandi síðari fyrirspurnina segir svo:

„Hér hafa verið persónukosningar að mig minnir síðan 1998 og hefur það komið í fjölmiðlum sem frétt fyrir allar sveitarstjórnarkosningar síðan og síðast nú í vor. Mig minnir að eftir sameininguna 1987 hafi bara verið ein kjördeild og aðeins kosið í Bjarkarlundi, þetta veit [...] þó betur. Kosningar eru auglýstar með fjölpósti.“

#### IV.

Samkvæmt 2. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998 skal viðkomandi sýslumaður skipa þriggja manna nefnd til að úrskurða um kæruefnið þegar honum hefur borist kæra þess sem vill kæra sveitarstjórnarkosningu. Ákvæðið kom fyrst inn í 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, en með þeim lögum var horfið frá því fyrirkomulagi, að nýkjörin sveitarstjórn úrskurðaði um lögmati kosninga, þar sem ótryggt þótti, að hún fengi litið óhlutdrægt á málavexti. Í athugasemdum með þessari grein í frumvarpi til laga nr. 8/1986 kom fram að þessa skipan skyldi viðhafa „einungis í þeim tilvikum, þegar gildi kosninga er dregið í efa.“

Í 94. gr. laga nr. 5/1998 er tekið fram að gallar á framboði eða kosningu leiði ekki til ógildingar kosninga, nema ætla megi að þeir hafi haft áhrif á úrslit kosninganna. Ákvæði þetta kom fyrst inn í 36. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 en í athugasemdum með því ákvæði í frumvarpi því sem varð að fyrrnefndum lögum kemur fram að ekki væri talin sama ástæða til þeirrar reglu í sveitarstjórnarkosningum eins og í alþingiskosningum að kosningu þingmanna bæri að ógilda vegna galla á framboði eða kosningu, sem hann sjálfur, umboðsmenn hans eða meðmælendur hafa átt vísitandi sök á, þótt ekki yrði ætlað að misfellurnar hefðu haft áhrif á úrslit kosninganna, enda væru misfellurnar verulegar. Tekið var fram að það leiddi „þó væntanlega af eðli máls, að ekki ber að ógilda kosningar að öllu leyti, ef hægt er að bæta úr því sem áfátt er með ógildingu að hluta eða með öðrum úrræðum“.

Samkvæmt framangreindu afmarkast valdsvið kjörnefndar af umfjöllun um gildi kosninga. Ógilding kosninga kemur hins vegar ekki til skoðunar nema þegar ætla má að gallar á framboði eða kosningu hafi haft áhrif á úrslit kosninganna. Skiptir í þessu sambandi ekki máli hvort um er að ræða ógildingu í heild eða hluta eða þegar bæta skal úr því sem áfátt er með öðrum úrræðum. Gallarnir verða allt að einu að hafa áhrif á úrslit kosninganna.

Í máli þessu er til úrlausnar hvort framkvæmd atkvæðagreiðslu við sveitarstjórnarkosningar í Reykhólahreppi hafi verið lögum samkvæm. Eins og rakið hefur verið hér að framan var fyrirkomulag sveitarstjórnarkosninga, m.a. um kjörstað og að kosning væri óbundin, kynnt almenningi á heimasíðu Reykhólahrepps auk þess sem það var kynnt með dreifibréfi til allra íbúa Reykhólahrepps utan íbúa eyja á Breiðafirði. Þá var auglýsing um fyrirkomulag um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar m.a. birt á heimasíðu Reykhólahrepps og hengd upp á skrifstofu hreppsins auk þess sem auglýsingu um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar á skrifstofu Reykhólahrepps 18. maí 2010 var dreift með Íslandspósti á heimili í Reykhólahreppi. Fyrir liggur að 8 einstaklingar á kjörskrá við sveitarstjórnarkosningarnar í Reykhólahreppi voru búsettir í Flatey og 2 í Skáleyjum. Enginn neytti kosningarréttar síns í Flatey en einn í Skáleyjum en það gerði viðkomandi á elliheimili þar sem hann er búsettur.

Sveitarstjórnarkosningar í Reykhólahreppi 29. maí 2010 voru óbundnar kosningar og voru því allir kjósendur í kjöri nema þrír kjósendur er skorudust undan endurkjöri. Um kynningu kjörstjórnar á því að óbundin kosning fari fram er fjallað í 3. mgr. 32. gr. laga nr. 5/1998. Í ákvæðinu er nánar tekið fram að kjörstjórn skuli auglýsa að óbundin kosning fari fram með sama hætti og framboð samkvæmt 1. mgr. 32. gr. laganna þar sem fram kemur að kynna skuli almenningi framboð með auglýsingu sem birt er á sama hátt og á hverjum stað er títt að birta opinberar auglýsingar. Varðandi auglýsingu um kjörstaði er tekið fram í 2. mgr. 44. gr. að kjörstaði skuli auglýsa almenningi á undan kjörfundi með nægum fyrirvara en að upphaf kjörfundar skuli auglýsa með þeim fyrirvara og á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsinga, sbr. 2. mgr. 47. gr. laganna. Kjörstjóri skal auglýsa hvar og hvenær atkvæðagreiðsla utan kjörfundar getur farið fram á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar, sbr. 4. mgr. 58. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis, sbr. 4. mgr. 43. gr. laga nr. 5/1998.

Með vísan til framangreinds bar kjörstjórn í Reykhólahreppi að kynna almenningi að kosning yrði óbundin, auglýsa upphaf kjörfundar og hvar og hvenær atkvæðagreiðsla

utan kjörfundar gat farið fram á sama hátt sem venja er að birta opinberar auglýsingar í Reykhólahreppi. Eins og fram kemur í bréfi kjörstjórnar í Reykhólahreppi var kynning á sveitarstjórnarkosningum í Reykhólahreppi og fyrirkomulag þeirra í samræmi við kosningar undanfarinna ára að því undanskyldu að dreifibréf sem sent var í hús í sveitarfélaginu var sent of seint af stað og barst ekki til íbúa eyja á Breiðafirði. Framkvæmd atkvæðagreiðslu utan kjörfundar var með sama fyrirkomulagi og í tveimur síðustu kosningum að því undanskyldu að íbúar Flateyjar óskuðu ekki sérstaklega eftir því við sýslumann að atkvæðagreiðslu utan kjörfundur væri haldin í Flatey eins og í alþingiskosningunum 2009, sbr. bréf sýslumannsins á Patreksfirði.


Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið verður að telja að ágalli hafi verið á framkvæmd sveitarstjórnarkosninga í Reykhólahreppi þar sem kjörstjórn lét hjá líða að kynna sérstaklega fyrir íbúum eyja á Breiðafirði sveitarstjórnarkosningarnar og fyrirkomulag þeirra líkt og kjörstjórn gerði fyrir öðrum íbúum hreppsins en slíkt var í samræmi við framkvæmd fyrri kosninga. Telja verður að þessi ágalli á kynningu kjörstjórnar á kosningunum leiði til ógildingar þeirra, þar sem ágallinn kann að hafa haft áhrif á úrslit kosninganna, sbr. 94. gr. laga nr. 5/1998. Af gögnum málsins verður ráðið að atkvæði þeirra íbúa eyja í Breiðafirði er ekki neyttu kosningaréttar hefðu getað haft áhrif m.a. á uppröðun og kosningu varamanna í sveitarstjórn. Með vísan til framangreinds er fallist á kröfu kæranda um ógildingu sveitarstjórnarkosninga í Reykhólahreppi.

#### Úrskurðarorð:

Fallist er á kröfu kæranda, Hafsteins Guðmundssonar, um ógildingu sveitarstjórnarkosninga í Reykhólahreppi sem fram fóru laugardaginn 29. maí 2010.

  
Þorsteinn Einarsson, hfl.

  
Kristín Benediktsdóttir, hdl.

  
Þórhallur H. Þorvaldsson, hdl.